



## 379. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 5. maí 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Helgi Hjörvar, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þráinn Bertelsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Páll Einarsson prófessor í jarðeðlisfræði mætti vegna 1. dagskrárliðar.

Þetta gerðist:

### 1. Framkvæmdir á Kárastaðastíg og á Haki vegna jarðfallsins í Almannagjá.

Lagt var fram minnisblað vegna Almannagjár, kort af Kárastaðastíg, tvær kostnaðar-áætlanir unnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og bráðabirgðaskýrsla Páls Einarssonar jarðeðlisfræðings.

Forsagan: Þann 30. mars sl. opnaðist lítið gat ofarlega í Almannagjá. Við nánari skoðun þann 31. mars varð ljóst að undir gatinu var mun stærri sprunga og þegar grafa tók ofan af gatinu kom í ljós djúp gjá sem liggur frá suðurs til norðurs. Í öryggisskyni var ákveðið að loka fyrir umferð um efsta hluta Almannagjár meðan staðan var könnuð nánar. Gatinu var síðar lokað með timburplönkum sama dag og öryggisgirðing sett upp. Sama kvöld var aftur opnað fyrir umferð um Almannagjá.

Í skýrslu Páls Einarssonar kemur fram að gatið sem opnaðist stafi af því að stór steinn úr stórgrýtisurðinni hafi hrunið neðar í gjána. Losnað hafi um steina ofan við hann og þeir fallið niður líka. Að lokum hafi aðeins verið eftir eins konar þak af þúkki og ofanburði, sem síðan hafi skolast hægt og rólega niður með vatni m.a. frá planinu ofan við stíginn, þar til að gat myndaðist. Hugsanlegt er að losnað hafi um stóra steininn í jarðskjálftunum 2000 og 2008. Hrunhætta er mikil í hellinum sem opnaðist niður í gjána og er ekki ráðlegt að leyfa mannaferðir þar. Hakið fyrir ofan Kárastaðastíg er fleygur úr gjábarminum og gjáin heldur áfram ofan við stíginn.

Niðurfallið er þar sem Kárastaðastígur er þrengstur og skapar mikla hættu. Gatið getur stækkað og er þörf á að fletta frekar ofanaf stígnum til að losa um laust grjót. Það sem heldur gjánni lokaðri ofan við niðurfallið er gamall ofanburður. Að mati Páls er hér á ferð vísindalegt tækifæri sem vert er að nýta og gott tækifæri til að auka fræðslugildi þjóðgarðsins. Fyrst um sinn sé þó mikilvægast að koma í veg fyrir frekari skemmdir og stýra vatnsaganum í annan farveg.

Sett voru upp mælitæki til að sjá hvaða hreyfingar hafa orðið á staðnum. Niðurstöður liggja ekki fyrir, en skýrast á næstu vikum.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur unnið tvær mismunandi kostnaðaráætlanir vegna framkvæmda við Almannagjá og planið við Hakið. Ódýrari kostnaðaráætlunin (22,5 mkr.) miðar að því að fletta malbikinu ofanaf planinu, setja jöfnunarlag yfir, koma fyrir dreni og veita vatni til suðurs niður í gjá frá planinu. Þá verður yfirborðið þakið lausu efni og burður miðaður við umferð gangandi fólks og tilfallandi akstur. Í dýrari kostnaðaráætluninni (38,9 mkr.) er malbiki flett ofanaf planinu og malbikað yfir, en burður miðaður við að þar verði aukastæði fyrir bíla og rútur. Dreni verður komið fyrir eins og í ódýrari áætluninni.

Viðgerðin á Kárastaðastíg og fleygunin er sú sama í báðum áætlunum.

Skipta má verkinu upp í þrjú verkþætti sem framkvæma má á mismunandi tíma:

- Hönnun og útfærsla á umbúnaði við gatið ásamt hönnun á yfirborði göngustígs í Almannagjá og á stæðinu. Stýring yfirborðsvatns af stæði milli fræðslumiðstöðvar og Haksins og niður Almannagjá.
- Frágangur á yfirborði og köntum á göngustíg neðan við gjána niður í Almannagjá að Stuttastíg þar sem brekkunni lýkur.
- Frágangur á yfirborði stæðis milli fræðslumiðstöðvar og Haksins og út að vegi við núverandi bílastæði til að hindra frekari vatnsaga og bæta heildarásýnd.

Framkvæmdasýsla ríkisins byggði útreikninga sína á magntölum skv. yfirliti starfsmanna þjóðgarðsins. Samkvæmt núverandi deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir að planið milli fræðslumiðstöðvar og Haksins sé ætlað fyrir rútur eða bílaumferð, nema þá sjúkrabíla.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Þingvallanefnd þakkar snör viðbrögð starfsmanna þjóðgarðsins þegar vart var við niðurfallið í Almannagjá og greinargerð og tillögur um endanlegan frágang á plani og vegi ofan gjárinnar, umbúnað gatsins og Kárastaðastíg.

Það er mat Þingvallanefndar að þessi nýfundna hliðargjá í Almannagjá hafi umtalsvert fræðslugildi og því sé eftirsóknarvert að hafa hana sýnilega í Kárastaðastíg. Nefndin telur hins vegar ekki unnt að leyfa mannaferðir niður í gjána vegna hrunhættu en tekur undir hugmyndir um að lýsa hana upp og loka henni með rist sem unnt verði að ganga og jafnvel aka yfir. Áriðandi er að hanna allan umbúnað og ganga frá gatinu sem allra fyrst og koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Þingvallanefnd tekur undir niðurstöður minnisblaðsins um hvað gera þurfi til að forða frekari skemmdum í Almannagjá og tryggja öryggi á Þingvöllum og telur nægilegt að gera ráð fyrir því að planið ofan Almannagjár verði ætlað fyrir gangandi umferð og tilfallandi akstur neyðar- og þjónustubíla.

Nefndin samþykkir að unnið skuli áfram að undirbúningi skv. minnisblaðinu í samræmi við framanritað og leitað verði eftir aukafjárveitingu í því skyni.

Áfram verði byggt á ráðgjöf Framkvæmdasýslunnar og fengnir verkfræðingar og hönnuðir til aðstoðar eftir þörfum.

Endanleg kostnaðaráætlun verði kynnt nefndinni svo fljótt sem auðið er, annars vegar um þá framkvæmd sem að ofan er nefnd og stefnt skal að því að ljúka á næstu vikum, en hins vegar undirbúning að framkvæmdum ofan við gjána sem fari fram í haust.

## 2. Hugmyndaleit, skipan í dómnefnd.

Lagðar voru fram tvær tillögur að dómnefnd merktar A og B, og atkvæði greidd.

Tillaga A hlaut 4 atkvæði. Tillaga B hlaut 2 atkvæði. Einn nefndarmaður sat hjá.

Dómnefndin er skipuð Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra og fyrrverandi ráðherra, Andra Snæ Magnasyni rithöfundu, Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa í upp-sveitum Árnassýslu, Margræti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði og formanni íslensku heimsmínjanefndar og Haraldí Sigurðssyni eldfjallafræðingi. Ragna er formaður dómnefndar.

Sigurður I. Jóhannsson sat hjá við atkvæðagreiðslu og óskaði bókað: „*Sú hugmynd að leita til þjóðarinnar að tillögum um uppbyggingu á Þingvöllum var mjög góð enda var um hana alger samstaða. Jafnframt var samstaða um framkvæmd „hugmynda-leitarinnar“.* Það er því afar dapurlegt að ekki sé hægt að fylgja þeirri samstöðu eftir við val á dómnefnd. Ég lagði ítrekað til að Þingvallanefnd myndi ná samstöðu um dómnefndina. Það er því miður ekki niðurstaðan og ég mun því ekki greiða atkvæði í þessu máli.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ragnheiður Elín Árnadóttir óskuðu bókað: „*Undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Þingvallanefnd lýsa yfir miklum vonbrigðum með verklag og vinnubrögð formanns Þingvallanefndar við skipan dómnefndar vegna Hugmyndaleitar. Eindregin samstaða hefur verið innan nefndarinnar um að íslenska þjóðin eigi ríka aðkomu að þróun og uppbyggingu þjóðgarðsins á Þingvöllum. Á þetta höfum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lagt mikla áherslu. Eftir brunann á Valhöll var samstaða meðal allra fulltrúa í Þingvallanefnd um að leita hugmynda hjá þjóðinni og að skipuð skyldi dómnefnd til þess að fara yfir innsendar tillögur og velja úr þeim. Slík dómnefnd þarf að sjálfsögðu að vera skipuð hæfum, óumdeildum einstaklingum.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja samkomulag um skipan dómnefndarinnar forsendu fyrir árangursríku starfi hennar. Að formaður nefndarinnar hafi með einstrengingshætti og skorti á samstarfsvilja komið í veg fyrir að Þingvallanefnd gæti staðið einhuga að skipan dómnefndar er óásættanlegt.*

*Því getum við ekki stutt afgreiðslu málsins með þeim hætti sem formaður leggur til og teljum að ofangreind vinnubrögð veiki starf dómnefndarinnar.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja enn fremur lýsa furðu sinni vegna framkomu fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Þráins Bertelssonar sem sá ástæðu til þess í lok fundar að kalla undirritaðar „fasistapakki“. Þingvallanefnd getur ekki starfað á grunni trausts og virðingar nema þingmaðurinn biðjist afsökunar á þessari fáheyrðu framkomu.“*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

Tvær athugasemdir hafa borist við bókun fltr. Sjálfstæðisflokksins. Formaður bendir í athugasemd á „að lokamálsliður í bókuninni vísar til ummæla sem féllu eftir að fundi hafði verið slitið, en ekki í lok fundar og fjallar um málefni sem hvorki var á dagskrá nefndarinnar né á verksviði hennar.“

Í athugasemd Þráins Bertelssonar segir að „sú athugasemd sem fram kemur í bókun ÞKG og REÁ féll ekki "í lok fundar" heldur að loknum fundi - og er slitin úr samhengi og ekki höfð eftir í heild sinni. Þessari athugasemd var heldur ekki beint til nákvæmlega þessara þingkvenna Sjálfstæðisflokksins heldur felur hún í sér að ég kvaðst einfaldlega ekki þola fasistapakki án þess að tiltaka hvort þær tilheyrðu því mengi eður ei. Það að þær skuli telja sig tilheyra því er þeirra mál en ekki mitt. Athugasemd mín var svar við athugasemd frá ÞKG sem sagði, er formaður hafði slitið fundi og ég var á leiðinni út úr dyrum fundarherbergisins: "Gallinn við Þráin er að hann þolir ekki sjálfstæðismenn." Mér kom reyndar ekki á óvart að ÞKG skyldi ekki geta haldið sig við sannleikann, en virti hana þó svars og reyndi að leiðrétta hana og sagði: "Þetta er ekki satt, ég þoli sjálfstæðismenn alveg þryðilega og ég á sjálfstæðismenn meðal minna bestu vina. Það sem ég þoli hins vegar ekki er fasistapakki." Og þar skildu leiðir.“